

# SAMNINGUR

## milli Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Ísafjarðarbæjar um kaup á mat og tengdri þjónustu.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (H Vest) kt. 650914-0740 hér eftir nefndur verksali og Ísafjarðarbær kt. 540596-2639 hér eftir nefndur verkkaupi gera með sér eftirfarandi samning:

### 1.gr. Hlutverk verksala

Verksali annast matseld hádegisverðar alla sjö daga vikunnar. Skal matseðill vera sambærilegur matseðli á sjúkrahúsinu á Ísafirði og skal tekið tillit til sérþarfa, m.a. sykursýki. Í hádegisverði felst heit máltíð og er einingarverð fyrir hverja máltíð 1.400 kr. frá og með 1. maí 2019. Einingarverð máltíðar breytist árlega næst þann 1. janúar 2020 með breytingu á neysluverðsvísitölu í maí 2019 468,0 stig.

### 2.gr. Hlutverk verkkaupa

Verkkaupi útvegar matarbakka og sinnir viðhaldi/endurnýjun á þeim. Verkkaupi/starfsmenn félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar sækja matarbakkana til verksala.

Verkkaupi skilar mánaðarlega, í upphafi hvers mánaðar, til verksala lista með nöfnum þjónustuþega og upplýsingum um fjölda matarskammta og á hvaða dögum innan mánaðarins þeir skulu afhentir. Starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða sjá um að koma matnum frá sjúkrahúsinu á Ísafirði yfir á Hlíf. Starfsmenn Ísafjarðarbæjar sjá um skömmtun og frágang.

### 3.gr. Næringargildi

Að minnsta kosti einu sinni á ári skal næringarfræðingur yfirfara matseðla m.t.t. ráðlegginga frá Embætti landlæknis um mataræði fyrir eldri borgara.

### 4.gr. Samskipti samningsaðila

Verksali tilnefnir einn tengilið en verkkaupi tvo og skulu þeir sjá um öll samskipti samningsaðila. Við tilnefningu tengiliða skal við það miðað að boðleiðir verði einfaldar og skýrar og að samskipti verði milliliðalaus.

### 5.gr. Greiðslur

Greiðslur fyrir framangreinda þjónustu samkvæmt 1.gr. samnings þessa skal inna af hendi mánaðarlega með gjalddaga 10. hvers mánaðar og eindaga 20. hvers mánaðar.

### 6.gr. Gildistími samnings

Samningur þessi gildir frá og með 1. maí 2019 og er uppsegjanlegur með gagnkvæmum sex mánaða fyrirvara.

### 7.gr. Vanefndir

Vanefni samningsaðilar ákvæði samningsins getur hvor samningsaðili fyrir sig krafist skriflega riftunar á samningnum. Skal tilkynning um riftun send viðkomandi samningsaðila með sannarlegum hætti.

### 8.gr. Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningsmál varðandi túlkun eða framkvæmd samningsins skulu verksali og verkkaupi leita allra leiða til að ná sáttum þar um. Verði ekki leyst úr ágreiningi með sáttargjörð má vísa málinu til Héraðsdóms Vestfjarða.

### 9.gr. Undirritun

Samningur þessi eru gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki. Framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta að réttri dagsetningu, undirskrift og forræði.

Ísafirði, 6. júní 2019

Fh. verksala

Fh.verkkaupa

Eyfl Heilbrigðisstofnun  
Vestfjarða

Vitundarvottar:

Jón Arnar 210253-2889  
Nafn og kennitala

Nafn og kennitala